

Reglur um frístundastyrki hjá Hafnarfjarðarbæ fyrir 3 til 18 ára.

1. gr. Markmið og tilgangur

Hafnarfjarðarbær veitir forsjáraðilum barna á aldrinum 3 til 18 ára frístundastyrki til niðurgreiðslu þátttökugjalda barna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Miðað er við fæðingarár.

Markmið frístundastyrksins er að gera börnum í Hafnarfirði kleift að taka þátt í uppbyggilegu íþrótt- og tómstundastarfi óháð efnahag fjölskyldna. Þá er honum ætlað að styrkja forvarnastarf með því að efla íþrótt- og tómstundastarf og vinna gegn óæskilegu brottfalli í eldri aldurshópum iðkenda.

2. gr. Skipulagt frístundastarf og styrkhæfi aðila

Til að starfsemi sé styrkhæf þarf hún að fara fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og ungmenna. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki bera ábyrgð á þjálfun eða kennslu, né sinna leiðbeinendastörfum í barnastarfi ein síns liðs. Fagaðili/þjálfari getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri með sér til aðstoðar.

Niðurgreiðslur ná einungis til félaga og viðurkenndra aðila sem eru með skipulagða kennslu eða þjálfun í að minnsta kosti 10 vikur í senn og haldin er að lágmarki ein æfing í hverri viku. Heimilt er að ráðstafa styrknum hvenær sem er á tímabilinu 1. janúar til 31. desember ár hvert, að hluta til eða að fullu, og óháð fjölda greina eða námskeiða. Styrkur getur aldrei orðið hærri en þátttöku- eða æfingagjald skipulegs frístundastarfs. Ef þátttökugjald er hærra en sem nemur frístundastyrk Hafnarfjarðarbæjar innheimtir félag/deild mismuninn hjá forráðamönnum.

Ekki er heimilt að nýta frístundastyrkinn til að greiða sérstakan viðbótarkostnað, svo sem vegna tækja og búnaðar, fatnaðar eða ferða.

3. gr. Skilyrði fyrir veitingu styrks

Barn skal vera á aldrinum 3-18 ára og með lögheimili í Hafnarfirði. fyrir veitingu styrks er að starfsemin sem er niðurgreidd sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi.

Heimilt er að nýta frístundastyrkinn í tónlistarnám.

Einstaklingar hafa kost á að nýta frístundastyrkinn til að greiða niður líkamsræktarkort eða sambærilegt aðgangskort sem tengist íþróttum og hreyfingu. Sú heimild gildir frá áramótum þess árs sem einstaklingurinn verður 14 ára. Slík kort skulu gilda í 3 mánuði eða lengur og uppfylla skilyrði um fræðslu til iðkenda og skipulagða leiðsögn.

Börnum með erlendan bakgrunn er heimilt að nýta frístundastyrkinn til að greiða niður gjöld fyrir íslenskunám og móðurmálskennslu, svo framarlega sem öðrum viðmiðum reglna um frístundastyrkinn sé framfylgt s.s. varðandi tímalengd og hæfi kennara og þjálfara.

Ef barn með erlendan bakgrunn nýtir frístundastyrkinn í hefðbundið íþrótt- og tómsundastarf og hyggst sækja íslenskunám eða móðurmálskennslu er heimilt að tvöfalda frístundastyrkinn tímabundið meðan á námskeiðinu stendur þannig að viðkomandi geti stundað hvorutveggja tímabundið, frístundastarf og íslenskunám eða móðurmálskennslu. Sækja skal sérstaklega um slíka undanþágu.

Yfirmaður íþrótt- og tómsundamála hjá Hafnarfjarðarbæ metur hvort einstaka aðilar uppfylla skilyrði reglna og ber vafamál undir íþrótt- og tómsundanefnd.

4. gr. Samstarfsaðilar

Félag eða viðurkenndur aðili sem sinnir skipulögðu íþrótt- eða tómsundastarfi skal gera samning um niðurgreiðslur við Hafnarfjarðarbæ, að uppfylltum reglum um styrkhæfi. Aðild að niðurgreiðslum Hafnarfjarðarbæjar á íþrótt- og tómsundaiðkun má ekki verða til þess að gjaldskrár/æfingagjöld félaga hækki óeðlilega mikið milli ára.

5. gr. Uppgjör og skil aðila á gögnum

Ef iðkandi hættir iðkun á tímabilinu sem hann er skráður á og hefur greitt fyrir ber forráðamanni að tilkynna þjónustuveri það skriflega svo hægt sé að skrá iðkanda hættan í kerfinu. Iðkandi skráist hættur í kerfinu frá þeim degi sem tilkynning berst.

Ráðstöfun frístundastyrksins er óafturkræf og í engum tilfellum hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk sem búið er að ráðstafa. Ekki er hægt að flytja óráðstafaðan styrk á milli ára og ráðstöfunarréttur fellur niður þegar barn flytur úr Hafnarfirði. Börn sem flytja til Hafnarfjarðar njóta óskerts frístundastyrks fyrir það ár sem flutt er og þar eftir.

6. gr.

Upphæð og framkvæmd niðurgreiðslu

Styrkuppheð er í samræmi við gildandi samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hverju sinni. Hafnarfjarðarbær heldur utan um frístundastyrkinn og ber ábyrgð á greiðslu hans til íþrótt- eða tómsfundafélaga, eða forsjáraðila barna þegar þannig ber undir. Öll undantekningartilfelli eru metin og afgreidd af Hafnarfjarðarbæ.

7. gr.

Umsóknarferli

Sótt er um niðurgreiðslu í rafrænu skráningarkerfi sem Hafnarfjarðarbær styður, eða á vef Hafnarfjarðarbæ fyrir félög utan þeirra skráningarkerfa.

Þegar forsjáraðili staðfestir þátttöku barns fær viðkomandi félag/deild og Hafnarfjarðarbær staðfestingu þar um.

Félög sem notast ekki við rafræn kerfi mega gefa út greiðslukvittanir til foreldra sem uppfylla viðmið Hafnarfjarðarbæjar. Á reikningi eða greiðslukvittun skal eftirfarandi koma fram

- Fullt nafn og kennitala iðkanda
- Heiti íþrótt-, skóla- eða tómsfundafélags og hvaða deild eða námskeið barnið er á
- Upphafs- og lokadagsetning námskeiðs sem greitt er fyrir
- Heildarkostnaður námskeiðs
- Frádráttur vegna frístundastyrks og heildargreiðsla þátttakanda.
- Stimpill/og eða undirritun starfsmanns

Ekki er tekið á móti kvittunum eldri en tveggja mánaða, frá upphafsdegi námskeiðs.

Þjónustuver Hafnarfjarðar veitir frekari upplýsingar og aðstoð varðandi frístundastyrkinn í síma 5855500 eða á netfanginu tjónustuver@hafnarfjordur.is

Brot á reglum og skilyrðum um frístundastyrkinn geta leitt til samningsslita.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eins og þurfa þykir.

Samþykkt á fundi Fræðsluráðs Hafnarfjarðar 10.12.2025